

Heilbrigðir vinnustaðir: **Vinnuvernd – allir vinna!**



Þátttaka starfsmanna í vinnuverndarstarfi

HAGNÝTUR LEIÐARVÍSIR



Vinnuverndarstofnun
Evrópusambandsins





European Trade Union Confederation (ETUC)
Confédération européenne des syndicats (CES)



Vinnuvernd er allra hagr

Vinnuvernd varðar alla. Hún er góð fyrir þig. Hún er góð fyrir fyrirtækið.



Europe Direct er þjónusta sem aðstoðar þig við að finna svörin við spurningum um Evrópusambandið

Gjaldfrjálst númer (*): 00 800 6 7 8 9 10 11

(*) Sum farsímafyrirtæki bjóða ekki upp á aðgang
að 00 800 númerum eða taka gjald fyrir símtölin.

Frekari upplýsingar um **Evrópusambandið** má finna á Netinu (<http://europa.eu>).

Efnisskrá er að finna í lok þessa heftis.

© Vinnuverndarstofnun Evrópu, 2012

Innihald

Ávarp	4
Inngangur: Af hverju er þátttaka starfsmanna mikilvæg?	6
Hlutverk vinnuveitenda	9
Hlutverk starfsmanna	10
Hlutverk fulltrúa starfsmanna	12
Gátlisti fyrir árangursríka þátttöku starfsmanna	13
Úrræði og frekari upplýsingar	17
Um	18

*„Starfsmenn og stjórnendur þurfa
að vinna náið saman til að finna
sameiginlegar lausnir á vandamálum
í vinnuvernd.“*



Ávarp



Evrópskir launþegar hafa notið framfara í vinnuverndarmálefnum síðastliðna áratugi. Slys á vinnustöðum, veikindi og dauðsföll halda samt áfram að taka sinn toll af launþegum í Evrópu. Ef okkur á að takast að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum, þurfa starfsmenn og stjórnendur að vinna náið saman til að finna sameiginlegar lausnir á almennum vandamálum.

Hjá starfsmönnum snýst þetta um að koma í veg fyrir að þeir hljóti skaða af vinnu sinni. Hjá vinnuveitendum snýst þetta um að fá hjálp við að koma auga á raunveruleg vandamál, finna réttu lausnirnar og vera með starfsmenn sem sýna áhuga í starfi.

Þess vegna miða **evrópsku vinnuverndarvikurnar 2012-13**

Vinnuvernd – Allir vinna að því að hvetja stjórnendur, starfsmenn, öryggistrúnaðarmenn, öryggisverði og aðra hagsmunaaðila til þess að snúa bókum saman og bæta öryggi- og heilbrigði við vinnu.

Þessi hagnýti leiðarvísir fyrir starfsmenn um vinnuverndarstarf lýsir því hvað árangursrík þátttaka þýðir í reynd og hvað starfsmenn og fulltrúar þeirra geta gert til að draga úr hættum á vinnustaðnum. Áhersla er lögð á að starfsmenn þurfi að hafa virkt hlutverk og þeir þurfa að vinna saman með stjórnendum til þess að úrbætur, sem hafa einhverja þýðingu, komist til framkvæmda á vinnustaðnum. Leiðarvísirinn útskýrir hvernig einstakir starfsmenn geti tekið þátt í auknum mæli en ætti einnig að aðstoða fulltrúa starfsmanna við að vinna með vinnuveitendum við að bæta þátttöku alls vinnuafslsins – stjórnenda, starfsmanna og trúnaðarmanna. Meginmarkmiðið er að leitast við að koma á opnum samskiptum og bættri vinnustaðamenningu þar sem vinnuverndarstarfið er hluti af reglubundnu hlutverki allra.

Christa Sedlatschek,

Framkvæmdastjóri
Vinnuverndarstofnunar Evrópu



Vinnuverndarstofnun
Evrópusambandsins

Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) styður þennan leiðarvísi heils hugar vegna meginreglu sambandsins um réttinn á mannsæmandi vinnuaðstæðum og eflingu öryggis, heilbrigðis og velferðar starfsfólks. ETUC, landsfélög okkar og bandalög í evrópskum iðnaði álíta upplýsingar, ráðgjöf og þátttöku starfsmanna lykilinn að því að þessum markmiðum verði náð ásamt því að efla nýsköpun, framleiðslu og hagvöxt í Evrópu.

Af þessum ástæðum hvetjum við með virkum hætti starfsmenn og fulltrúa þeirra (öryggistrúnaðarmenn) til að vinna með vinnuveitendum að því að efla vinnuverndarstarf. Til þess að styrkja þennan mikilvæga þátt í umsjón öryggismála hvetjum við landssamtök okkar og vinnuveitendur til þess að nýta sér þennan leiðarvísi og tryggja að raunverulegt og einlægt samstarf um öryggi og heilbrigði við vinnu eigi sér stað. Við hvetjum einnig vinnueftirlitsmenn til að rækja sitt hlutverk við að hvetja til þátttöku starfsmanna í vinnuverndarstarfi.

Við munum taka til umfjöllunar vandamál öryggisnefnda sem þurfa að "halda vel á spöðum" til að ljúka venjulegri vinnu, ásamt því að sinna hlutverki sínu sem öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir. Við viljum sjá að öryggistrúnaðarmenn fái þann stuðning, sem þeir þurfa, ekki einungis frá vinnuveitendum, heldur einnig frá starfsmönnum sem þeir eru fulltrúar fyrir og einnig frá verkalýðsfélögunum. Við berjumst fyrir ráðstöfunum sem miða að því að styrkja þátttöku starfsmanna, öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og verkalýðsfélaga svo að tryggja megi að starfsmenn snúi heim að loknum starfsdegi heilir á húfi.



Bernadette Ségol,

Framkvæmdastjóri ETUC



European Trade Union Confederation (ETUC)
Confédération européenne des syndicats (CES)

Inngangur: Af hverju er þátttaka starfsmanna mikilvæg?

Árlega verða u.þ.b. 5,580 banaslys við vinnu í ESB ríkjunum. 159,000 að auki deyja úr atvinnutengdum sjúkdómum. Fjölmörgum mannlífum mætti bjarga ef aðstæðum á vinnustöðum væri stjórnað á réttan og skynsaman hátt með því að vinna að forvörnum og gera sér grein fyrir hættum og vinna að viðeigandi ráðstöfunum gegn þeim.

Vinnuveitendum ber skylda til að sjá um að vinnustaðir séu hættulausir hvað varðar öryggi og heilbrigði en lög kveða einnig á um hjálp starfsmanna í þessum efnum. Vinnuveitendur þurfa að auki að ráðfæra sig við starfsmenn og fulltrúa þeirra (öryggistrúnaðarmenn) um vinnuverndarmál. Stjórnendur hafa ekki lausnir við öllum öryggis- og heilbrigðisvandamálum. Starfsmenn og fulltrúar þeirra búa yfir ítarlegri þekkingu og reynslu á því hvernig störf eru unnin og hvaða áhrif þau hafa á þá. Af þessari ástæðu búa vinnustaðir þar sem starfsmenn leggja með virkum hætti sitt af mörkunum til vinnuverndar oft á tíðum við lægri áhættu í starfi og þannig lægri slysatíðni¹.

Hvað er þátttaka starfsmanna?

Þátttaka starfsmanna í vinnuvernd er einfalt tvíhliða ferli þar sem vinnuveitendur og starfsmenn/fulltrúar starfsmanna:

- tala hver við annan
 - hlusta á áhyggjuefni hvers annars
 - leita eftir og deila með sér skoðunum og upplýsingum
 - ræða málefni í góðu tómi
 - taka til skoðunar það sem hver og einn hefur um málin að segja
 - taka ákvarðanir í sameiningu
 - virða og treysta hverjum öðrum
- Starfsmenn skulu fá upplýsingar, leiðbeiningar, þjálfun og vera hafðir með í ráðum þegar kemur að öryggis- og heilbrigðismálum. Full þátttaka gengur lengra en viðræður – starfsmenn og fulltrúar þeirra þurfa einnig að vera með í ákvörðunartöku.

„Ef starfsmenn fá tækifæri til að taka þátt í mótun öryggismála á vinnustað, geta þeir leiðbeint, komið með tillögur og óskað eftir úrbótum.“



¹ EU-OSHA – European Agency for Safety and Health at Work: Worker representation and consultation on health and safety - An analysis of the findings of the European Survey of Enterprises on New and Emerging Risks (ESENER), 2012



Ástæður þess að starfsmenn ættu að hafa áhrif á ákvarðanir yfirstjórnar:

- Þátttaka starfsmanna hjálpar til við þróun árangursríkra leiða til verndar þeim sjálfum
- Með því að vera hafðir með í ráðum á undirbúningsstigi eru starfsmenn líklegri til að átta sig á ástæðum þess að gripið er til ákveðinna ráðstafana og hjálpa til við að finna hagnýtar lausnir og hlíta niðurstöðunum.
- Ef starfsmenn fá tækifæri til að taka þátt í mótun öryggis við vinnu þá geta þeir ráðlagt, komið með tillögur í forvarnarstarfinu og óskað eftir endurbótum. Þannig geta þeir hjálpað til við að þróa ráðstafanir til að fyrirbyggja vinnuslys og heilbrigðisvandamál með tímanlegum og skilvirkum hætti.



Rammi fyrir þátttöku starfsmanna

- Vinnuveitendur skulu leita ráða hjá starfsmönnum og fulltrúum þeirra og gefa þeim kost á að taka þátt í umræðum um öll málefni er varða vinnuvernd, í umhverfi þar sem jafnræði ríkir.
- Starfsmenn/fulltrúar starfsmanna eiga rétt á því að biðja vinnuveitanda um að grípa til viðeigandi ráðstafana og leggja fram tillögur þar um.
- Vinnuverndarlögin og reglugerðir gera ákveðnar kröfur um upplýsingaskyldu og ráðgjöf til fulltrúa starfsmanna, rétt þeirra á aðkomu að sameiginlegum vettvangi svo sem öryggisnefndum.
- Fyrirkomulag við þátttökuna er heppilegast að sé bæði með formlegum og óformlegum hætti. Ekki ætti að líta á óformlega þátttöku starfsmanna og fulltrúa starfsmanna sem valkost heldur sem leið til að blanda saman formlegu og óformlegu starfi þeirra með eins árangursríkum hætti og hægt er.

Hlutverk vinnuveitenda

Lögum samkvæmt bera vinnuveitendur ábyrgð á stjórnun vinnuverndarmála. Það snýr að því að ganga úr skugga um að starfsmenn séu varðir gegn sérhverju sem getur valdið þeim skaða með því að hafa stjórn á mögulegri slyshættu á vinnustaðnum.

Vinnuveitendur bera þá skyldu samkvæmt vinnuverndarlögum að leggja mat á hættur á vinnustaðnum. Framkvæma skal áhættumat, sem leggur mat á allar hættur sem kunna að valda slysum, óhöppum, heilsutjóni, álagi, vanlíðan eða öðrum skaða á vinnustaðnum til þess að hægt sé að ákvarða til hvaða ráðstafana þurfi að grípa.

Vinnuveitendur skulu upplýsa starfsmenn um hættur og áhættur á vinnustaðnum og með hvaða hætti starfsmenn séu varðir gegn þeim og leiðbeina og þjálfa þá í því hvernig eigi að umgangast hættur.

Vinnuveitendur skulu leiðbeina starfsmönnum um vinnuverndarmál. Ráðgjöf getur verið bein eða í gegnum fulltrúa starfsmanna og ræðst það af ákvæðum í reglugerðum. Oft er blanda þessara tveggja leiða notuð. Vinnuveitendum ber að koma á fót sameiginlegri öryggisnefnd starfsmanna og vinnuveitanda þar sem mikilvæg málefni eru rædd. Í öryggisnefnd eiga að sitja, öryggistrúnaðarmaður sem er fulltrúi starfsmanna og öryggisvörður sem er fulltrúi atvinnurekanda. Fjöldi þeirra fer eftir fjölda starfsmanna á vinnustaðnum. Sjá reglugerð nr.920/2006.

Vinnuveitendur þurfa að skapa menningu á vinnustaðnum þar sem vinnuvernd er samtvinnuð öllum störfum. Samvinna þarf að eiga sér stað óháð stærð fyrirtækisins. Lögmálin eru þau sömu þ.e. hvetja til opinnar umræðu, hlusta á það sem sagt er, læra af því og framkvæma – en fyrirkomulagið getur verið breytilegt.



*„Gætum í sameiningu
að vinnuverndarmálum“.*



Hlutverk starfsmanna



Bæði vinnuveitandi og starfsmenn bera ábyrgð á því að vinnuvernd sé sinnt. Meginábyrgð vinnuveitenda snýr að vernd starfsmanna með ráðstöfunum í öryggismálum t.d. öruggu vinnuumhverfi, öruggum tækjum, viðeigandi persónuhlífum, upplýsingum og þjálfun starfsmanna. En lög kveða einnig á um skyldu starfsmanna til að rækja vel sitt hlutverk og aðstoða vinnuveitandann í öryggismálum með því að:

- taka ábyrgð á vinnuvernd, bæði fyrir sig og aðra
- með virkri samvinnu við vinnuveitanda í öryggis- og heilbrigðismálum
- með því að framfylgja þeirri þjálfun sem þeir hafa hlotið og framkvæma störf sín ávallt á öruggan hátt t.d. við notkun búnaðar, tækja, efna o.s.frv.
- með því að segja frá (vinnuveitanda, verkstjóra eða öryggisráðgjafarmanni) ef þeir telja vinnuna óörugga, eða ef öryggisráðstafanir eru ófullkomnar, sem stefnt gætu starfsmönnum í hættu.

Andi laganna endurspeglar ástæðu þess að starfsmenn ættu að taka þátt í því að bæta öryggis- og heilbrigðismál fyrir þá sjálfa og samverkamenn sína. Í fyrsta lagi snýst vinnuvernd um að koma í veg fyrir að þeir hljóti skaða í vinnunni. Í öðru lagi þekkja starfsmenn hætturnar á vinnustaðnum og ættu að leggja sitt af mörkunum við að lágmarka þær.

„Bæði vinnuveitendur og starfsmenn bera ábyrgð á að vinnuvernd sé sinnt.“



Fyrst og fremst þurfa vinnuveitendur að stuðla að vinnustaðamenningu sem styður þátttöku starfsmanna. En starfsmenn verða að gæta þess að takmarka ekki þátttöku sína einvörðungu við óformlegt samstarf og fylgni við öryggisreglur. Ef starfsmenn eiga að fá eitthvað út úr vinnuverndinni í eigin þágu þurfa þeir að nýta sér þátttökuna til hins ítrasta á vinnustaðnum.

Leiðir fyrir starfsmenn til að hafa áhrif og taka þátt eru meðal annars:

- spyrja spurninga, vekja athygli á málefnum og leggja fram tillögur á fundum, teymisumræður, við þjálfun, í samræðum við verkstjóra eða aðra stjórnendur
- taka þátt í að leita nýrra leiða í öryggismálum s.s. þátttaka í könnunum, taka þátt í tillöguferli eða samkeppnum um öryggismál og lausnir á vandamálum sem upp koma
- taka þátt í prófunum, t.d. þegar verið er að prófa og velja persónuhlífar
- bjóðast til að taka þátt í vinnuverndarstarfi t.d. vinnuhópum
- tilkynna um slys eða atvik sem nærri leiddi til slyss (næstum slys) eða um annað sem hugsanlega gæti verið óöruggt, heilsuspillandi eða sem stendur í vegi fyrir að hægt sé að vinna rétt en einnig koma með hugmyndir að úrbótum
- ræða við fulltrúa starfsmanna, öryggistrúnaðarmenn, og taka þátt í starfi sem þeir í öryggisnefndinni skipuleggja (fundir, kannanir o.s.frv.). Íhuga að bjóða sig fram til að vera öryggistrúnaðarmaður
- skrifa um vinnuverndarmál í fréttabréf fyrirtækisins
- beita þekkingu úr þjálfun við verkefni í vinnunni
- sýna nýjum starfsmönnum stuðning, gott fordæmi og aðstoða þá við vinnuverndarmál í störfum sínum



Ef starfsmenn eiga að njóta bestu verndar í öryggi og heilbrigði þurfa þeir að nýta sér þátttökurétt sinn til hins ítrasta á vinnustaðnum.



Hlutverk fulltrúa starfsmanna



Bein þátttaka starfsmanna er árangursrík leið til að heyra skoðanir og fá starfsmenn til að taka þátt í vinnuvernd. Hlutverk fulltrúa starfsmanna (öryggistrúnaðarmanns) er að tryggja að starfsmenn hafi áhrif á ákvarðanatöku stjórnanda þegar ráðstafanir í forvarnarmálum eru þróaðar, en þannig kemur hann skoðunum, áhyggjum og hugmyndum starfsmanna á framfæri. Þetta hlutverk er frábrugðið hlutverki stjórnanda, sem hefur þær starfsskyldur að aðstoða við vinnuverndarmálin. Kveðið er á um í lögum, skyldu þeirra og ábyrgð við að sinna þessum málaflokki.

Öryggisnefnd þar sem sitja fulltrúar starfsmanna og vinnuveitanda á að vera til staðar á vinnustaðnum. Öryggisnefndir eru notaðar sem umræðu- og ráðgefandi vettvangur við ákvarðanatöku í vinnuverndarmálum í fyrirtækinu. Öryggisnefnd gefur fulltrúum starfsmanna, ráðgjöfum, stjórnendum og yfirmönnum kost á því að hittast og ræða öryggis- og heilbrigðismál og að hafa sameiginlega áhrif á frammistöðu fyrirtækisins í þeim málaflokki. Vinnuverndarlögin, reglugerðir og leiðbeiningar kveða enn og aftur á um hvernig þær skulu skipaðar og starfa (Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum). Öryggisnefndir eiga að samanstanda af jöfnum fjölda fulltrúa starfsmanna (öryggistrúnaðarmanna) og fulltrúum frá atvinnurekanda (öryggisvörðum) og þar skulu mikilvæg stefnumál og öll stærri vandamál rædd.

Fulltrúar starfsmanna geta einnig verið fulltrúar fyrir stéttarfélög. Stéttarfélög gegna mikilvægu hlutverki í stuðningi við öryggistrúnaðarmannakerfið og í sjálfstæðri upplýsingagjöf um vinnuvernd á vinnustöðum. Þau vinna oft á tíðum með atvinnurekendum að verkefnum um lausnir á öryggis- og heilbrigðisvandamálum á vinnustöðum.

„Hlutverk öryggistrúnaðarmanna er að tryggja að starfsmenn hafi sitt að segja um ákvarðanir yfirstjórnar.“



Gátlisti fyrir árangursríka þátttöku starfsmanna

Eftirfarandi tveir gátlistar fjalla um lykilatriði við þróun leiða til að bæta þátttöku starfsmanna. Fyrri gátlistinn er hannaður fyrir almenna starfsmenn en hinn seinni er fyrir öryggistrúnaðarmenn eða aðra fulltrúa starfsmanna. Spurningar sem svarað er neitandi þarf að skoða nánar til að sjá hvað megi bæta eða gera öðruvísi. Listarnir eru ekki tæmandi og ætti einungis að líta á þá sem leiðbeinandi um meginatriði.

	ALMENNIR STARFSMENN	Já	Nei
1	Er haft samstarf við starfsmenn og eru þeir spurðir um áhættur sem tengjast starfi þeirra þegar unnið er áhættumat starfa fyrir vinnustaðinn?		
2	Hafa starfsmenn verið þjálfaðir í því að skilja hvernig almennum forvörnum skal beitt í vinnuverndarmálum og hvernig innleiðing nýrra ráðstafana á að bæta vinnuverndina?		
3	Eru starfsmenn hvattir til að leggja fram hugmyndir að úrbótum í vinnuverndarmálum?		
4	Fá starfsmenn æfingu í að skýra frá hættum og göllum sem finna má við ráðstafanir sem vinnuveitandi stingur uppá og gerðar eru til varnar starfsmönnum?		
5	Er samráð haft við starfsmenn þegar verið er að vinna drög að gerð leiðbeininga, vinnuferla, stefnumála o.s.frv.?		
6	Er haft samráð við starfsmenn þegar verið er að undirbúa breytingar á vinnustaðnum?		
7	Eru starfsmenn þjálfaðir í að taka frumkvæði að því að leita eftir vinnuverndarúrbótum á vinnustaðnum?		
8	Er haft samráð við starfsmenn við val á verkfærum, vinnubúnaði og persónuhlífum áður en kaup eru gerð á slíku.		
9	Eru hugsanlegar lausnir á vinnuaðstöðu prófaðar í samstarfi við starfsmenn, til að fá þeirra viðbrögð, áður en lokaákvæðanir eru teknar um innleiðingu þeirra.		



	ÖRYGGISTRÚNAÐARMENN / FULLTRÚAR STARFSMANNA	Já	Nei
1	Eru til samþykktar starfsvenjur fyrir starf öryggistrúnaðarmanna / fulltrúa starfsmanna?		
2	Er samráð haft við öryggistrúnaðarmann / fulltrúa starfsmanna um öll málefni vinnuverndar þar með talið; áhættumat, úrbætur sem gerðar eru á vinnustaðnum, tilnefningu starfsmanna sem bera ábyrgð á vinnuvernd, skyndihjálp, þjálfun starfsmanna, kynningu á nýjum búnaði, tækni o.s.frv.?		
3	Er samráð haft við öryggistrúnaðarmann / fulltrúa starfsmanna við gerð leiðbeininga, skilgreiningu vinnuferla, stefnumála o.s.frv.?		
4	Er samráð haft við öryggistrúnaðarmann / fulltrúa starfsmanna við ákvarðanatöku er varðar vinnuvernd t.d. í gegnum ráðgefandi nefndir svo sem öryggisnefnd eða ákvarðanatökuhópa?		
5	Tekur öryggisnefnd virkt tillit til öryggistrúnaðarmanns / fulltrúa starfsmanna í nefndinni til jafns við stjórnendur eða fulltrúa þeirra?		
6	Eru fulltrúar starfsmanna hvattir til að skýra frá dæmisögum um góða starfshætti og gott vinnulag sem hægt væri að vista í gagnagrunni fyrirtækisins?		
7	Eru öryggistrúnaðarmenn / fulltrúar starfsmanna að fullu þátttakendur í rannsókn óhappa og slysa?		
8	Fá öryggistrúnaðarmenn / fulltrúar starfsmanna að nýta rétt sinn til að ræða mál og skýra starfsmönnum frá viðbrögðum sínum í vinnutímanum?		
9	Fá öryggistrúnaðarmenn / fulltrúar starfsmanna aðstoð á skrifstofu með t.d. aðgangi að tölvu, ljósritunarvél o.fl. til að styðja þá í að sinna hlutverki sínu að fullu?		
10	Fá öryggistrúnaðarmenn / fulltrúar starfsmanna tilhlýðilega þjálfun í almennum reglum í vinnuvernd með því að sækja sér fræðslu (námskeið) til að geta unnið að forvörnum á vinnustaðnum? Fá öryggistrúnaðarmenn / fulltrúar starfsmanna þjálfun í að byggja upp færni sína í framkomu og samtaltækni?		



Úrræði og frekari upplýsingar

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA)

<http://osha.europa.eu>

Hluti vefsíðu herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagur er tileinkaður frekari ráðgjöf og leiðbeiningum til starfsmanna og fulltrúa þeirra. Þar á meðal eru hlekkir á ýmis rit og vefsíður ásamt vefútgáfu þessara leiðbeininga sem einnig má hlaða niður.

Þessi vefhluti er tiltækur á 24 tungumálum á slóðinni: www.healthy-workplaces.eu

EU-OSHA birtir fjölmargar skýrslur um góða starfshætti í leiðandi málum og um þátttöku starfsmanna sem verða tiltækar á meðan herferðinni stendur.

Einnig má finna þær á vefsíðu um helstu málefni (www.healthy-workplaces.eu/leadership)

og þátttöku starfsmanna

(www.healthy-workplaces.eu/worker-participation).

„Full þátttaka gengur lengra en að leita ráðgjafar – starfsmenn og fulltrúar þeirra verða að vera viðriðir ákvörðunartöku.“

Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC)

www.etuc.org

ETUC hefur sent frá sér ýmis rit um öryggisráðgjafarmenn / fulltrúa starfsmanna

Evrópastofnun verkalýðsfélaga (ETUI)

vinnuaðstæður, vinnuverndardeild

www.etui.org/Topics/Health-Safety

Til dæmis:

- Meginefni – öryggisfulltrúar
- Útgáfueining um rit fyrir fulltrúa starfsmanna
- “HesaMag” efni og greinar um starfsmannafulltrúa

Verkalýðsfélög á landsvísi veita hagnýtan stuðning og þjálfun fyrir fulltrúa starfsmanna og taka saman ýmiss konar upplýsingar um vinnuvernd.

Vinnuverndaryfirvöld á landsvísi veita upplýsingar og leiðbeiningar um lagaáskilnað og góða starfshætti. Vinnuverndarstofnun Bretlands er til að mynda með vefsvæði um þátttöku starfsmanna:

<http://www.hse.gov.uk/involvement/index.htm>

Annað

Núll-slysastefna um þátttöku starfsmanna án skaða –

týndi hlekkurinn, 2011,

<http://www.workerinvolvement.co.uk>

“Hazards” tímaritið – sjá t.d. úrræðahlutann um skipulag og öryggisfulltrúa verkalýðsfélaga:

<http://www.hazards.org/resources/index.htm>

“Barefoot” rannsóknir – handbók starfsmanna um samtakamátt fyrir öryggi á vinnustað, Alþjóðlega vinnumálastofnunin (ILO), 2002, <http://www.ilo.org>



Um

Herferðin Vinnuvernd er allra hagur er skipulögð af Vinnuverndarstofnun Evrópu og samstarfsaðilum hennar frá 30 ESB ríkjum og styður hún fjölbreytta starfsemi bæði innanlands á Íslandi og í Evrópulöndum. Herferðin 2012 – 13 „**Vinnuvernd – allir vinna**“ vekur starfsmenn og stjórnendur til umhugsunar og vekur almennt athygli á hversu þátttaka starfsmanna í vinnuvernd er mikilvægur þáttur við forvarnir gegn vinnutengdum slysum og sjúkdómum.

Lykildagsetningar

- Upphafsdagur herferðarinnar er 18. apríl 2012
- Evrópska vinnuverndarvikan í október 2012 og 2013
- Verðlaunaathöfn fyrir góða starfshætti í apríl 2013
- Lokaathöfn átaksins Vinnuvernd er allra hagur í nóvember 2013


www.healthy-workplace.eu

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) leggur sitt af mörkunum við að gera Evrópu að öruggara, heilbrigðara og afkastameira svæði til að vinna á. Stofnunin rannsakar, þróar og dreifir áreiðanlegum, vönduðum og óhlutdrægum upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál og skipuleggur vitundarherferðir og átaksverkefni um alla Evrópu. Stofnunin, sem var sett á fót af Evrópusambandinu árið 1996, er með höfuðstöðvar í Bilbaó á Spáni. Stofnunin færir saman fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fulltrúa frá stjórnsýslu aðildarríkjanna, frá samtökum atvinnurekenda og launþega ásamt leiðandi sérfræðingum frá hverju hinna 27 aðildarríkja ESB og annars staðar frá.

Evrópusamband verkalyðsfélaga (ETUC) eru samtök verkalyðsfélaga, sem voru stofnuð árið 1973, og kemur nú fram fyrir hönd 83 verkalyðsfélaga í 36 Evrópulöndum auk 12 iðnbandalaga. Meginmarkmið ETUC er að efla evrópska þjóðfélagsmódelið og vinna að þróun sameinaðrar Evrópu friðar og stöðugleika þar sem verkafólk og fjölskyldur þeirra njóta að fullu borgaralegra réttinda og góðra lífsskilyrða. Evrópska þjóðfélagsmódelið stendur fyrir þjóðfélag með sjálfbærum hagvexti með sífellt bættari lífs- og starfsskilyrðum, þar á meðal fullri atvinnu, félagslegri vernd, jöfnum tækifærum, góðum störfum, félagslegri aðlögun og opnu og lýðræðislegu stefnumótunarferli þar sem borgarar eiga fullan þátt í töku ákvarðana sem hafa áhrif á þá. ETUC telur að samráð við starfsmenn, kjarasamningar, skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins og góð lífsskjör séu lykillinn að því að efla nýsköpun, framleiðni, samkeppnishæfni og hagvöxt í Evrópu.

„Vinnuvernd er allra hagur er stærsta vinnuverndaráttak í Evrópu.“





Pátttaka starfsmanna í vinnuvernd – hagnýtur leiðarvísir

Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins

2012 – 18 bls. – 17,6 x 25 cm

ISBN 978-92-9191-599-6

doi:10.2802/29105

Hugmynd & hönnun: Kris Kras Design, Hollandi


Ljósmyndir voru teknar í Bretlandi á Baxter Healthcare, Ideal Standard, Pirelli Tyres og Toyota

Meðhöndlun efnis. Við þökkum samstarfsaðilum okkar fyrir veittan stuðning.

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Páttaka starfsmanna í vinnuvernd – hagnýtur leiðarvísir

Starfsmenn búa oft yfir yfirgripsmikilli þekkingu um starf sitt og hvernig megi gera það öruggara. Þessi leiðarvísir sýnir hvernig starfsmenn geta nýtt þessa þekkingu með virkum hætti til þess að starfa með stjórnendum með það fyrir augum að bæta öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Hann lýsir viðkomandi hlutverkum, ábyrgð og lagalegum skyldum starfsmanna, fulltrúa þeirra og vinnuveitenda. Hann veitir raunhæf dæmi um aðgerðir sem hlutaðeigandi aðilar geta gengist fyrir til þess að bæta vinnuvernd á þýðingarmikinn hátt. Þessi leiðarvísir býr einnig yfir hagnýtum „gátlista“ sem starfsmenn og fulltrúar þeirra geta farið eftir til þess að tryggja að þeir séu að gera sitt ítrasta við að draga úr hættum.



Vinnuverndarstofnun Evrópu

Gran Vía, 33, 48009 Bilbao, SPÁNI

Sími +34 94 479 4360

Fax +34 94 479 4383

Tölvupóstur: information@osha.europa.eu

<http://osha.europa.eu>

Evrópusamband verkalýðsfélaga

International Trade Union House (ITUH),

BBoulevard Roi Albert II, 5/Koning Albert II-laan 5

1210 Bruxelles/Brussel, BELGIQUE/BELGIË

Sími +32 2 224 04 11

Fax +32 2 224 04 54

<http://www.etuc.org>

ISBN 978-92-9191-599-6



9 789291 915996



Skrifstofa útgáfumála